

## Samkomulag um aðgang að sundstöðum Árborgar

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, (SÁ) og Flóahreppur, kt. gera með sér eftirfarandi samkomulag um aðgang að sundstöðum Árborgar fyrir íbúa með lögheimili í Flóahreppi, þ.e. börn og ungmenni á aldrinum 10-17 ára og eldri borgara (67 ára og eldri):

### 1. gr.

Börn og ungmenni á aldrinum 10-17 ára og eldri borgarar (67 ára og eldri) sem hafa lögheimili í Flóahreppi fá aðgang að sundstöðum Árborgar á Selfossi og Stokkseyri með sömu skilmálum og ef þeir væru með lögheimili í Árborg, þ.e. aðgang án endurgjalds. Sama gildir um öryrkja og þá sem þiggja atvinnuleysisbætur.

Samningur þessi tekur ekki til aðgangs að líkamsræktarstöð í sundhöll Selfoss sem rekin er af einkaaðilum.

### 2. gr.

Flóahreppur afhendir lista með nöfnum barna- og ungmenna á aldrinum 10-17 ára í upphafi hvers árs og með nöfnum íbúa sem eru 67 ára og eldri og lögheimili hafa í Flóahreppi. Við fyrstu heimsókn þeirra sem á listanum eru í sundhöll Selfoss eru auðkenni skráð í aðgangskerfi sundhallarinnar og geta þeir sem skráðir eru í kerfið nýtt sér rafrænt aðgangsstýringarkerfi eftir skráningu. Slíkt kerfi er ekki fyrir hendi í sundlaug Stokkseyrar, en þar gefa gestir upp nafn og heimilisfang í afgreiðslu til að fá aðgang án endurgjalds.

### 3. gr.

Fyrir aðgang barna- og ungmenna og eldri borgara að sundstöðum Árborgar greiðir Flóahreppur árlega kr. 1.000.000. Gjaldið uppreiknast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á gjaldskrá sundstaða Árborgar fyrir 30 miða kort. Samningur þessi tekur gildi 1. maí 2018 og greiðir Flóahreppur fyrir árið 2018 kr. 660.000 (maí til desember).

Gjald skv. 1. mgr. 3. gr. er innheimt einu sinni á ári, í lok árs.

Aðilar eru sammála um að endurskoða árlegt gjald reglulega með hliðsjón af nýtingu þeirra sem undir samninginn falla.

### 4. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn og gildir frá undirritun. Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Selfossi, 25. apríl 2018

  
F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

  
F.h. Flóahrepps